
Minnisblað

Dagsetning: 12. ágúst 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalýkill: 2001208/6.1.1

Efni: Viðbót við minnisblað sóttvarnalæknis frá 11. ágúst 2020 um aðgerðir til að takmarka smit af völdum SARS-CoV-2 með ferðamönnum til Íslands og aðgerðir innanlands til að hefta útbreiðslu.

Af gefnu tilefni þá ég skýra nokkur atriði í minnisblaði mín frá 11. ágúst sl. um aðgerðir til að takmarka smit af völdum SARS-CoV-2 með ferðamönnum til Íslands og aðgerðir innanlands til að hefta útbreiðslu.

1. **Ferðamenn.** Með orðinu ferðamenn þá er átt við við alla einstaklinga sem ferðast hingað til lands burt séð frá ástæðum ferðarinnar, heimalandi eða ríkisfangi.
2. **Náandarregla.** Rannsóknir hafa sýnt að við eins metra fjarlægð á milli einstaklinga (sýkts og ósýkts) á minnka líkur á smiti 5-falt. Við hvern metra umfram einn meter þá minnka líkur á smiti 2-falt að auki. Þannig getur eins metra náandarreglan gilt við vissar aðstæður enda er hún notuð hjá nokkrum þjóðum. Eins metra náandarreglan skv. mínum tillögum á í fyrstu einungis að gilda um skólastarf en gæti orðið innleidd á aðra staði/starfsemi síðar.
3. **Grímuskylda.** Í minnisblaði sóttvarnalæknis til heilbrigðisráðherra þ. 31.7.2020 var lagt til að þar sem að ekki væri hægt að tryggja 2ja metra náandarreglu milli ótengdra einstaklinga verði krafist notkunar á andlitsgrímum sem hylja nef á munn. Hér var átt við almenningsamgöngur þar sem ferð varir 30 mínútur eða lengur, þ.m.t. hópferðabílar, innanlandsflug og farþegaferjur, og starfsemi s.s. hárgreiðslustofur og nuddstofur. Andlitsgrímur sem notaðar eru utan heilbrigðisþjónustu ættu að lágmarki uppfylla kröfur sem fram koma í vinnustofusamþykkt evrópsku staðlasamtakanna CEN. Einnig hefur verið lögð áhersla á að grímunotkun getur ekki komið í stað reglna um hámarksfjölda eða náandarreglu. Sóttvarnalæknir hefur gefið út nánari leiðbeiningar út grímunotkun